

Bolungarvík 3/5 1997

Sjávarútvegsnefnd  
Alþingis

Á fundi sem haldinn var í smábátafélaginu Hörpu í Bolungarvík var gerð eftirfarandi samþykkt.

Smábátafélagið Harpa í Bolungarvík mótmælir harðlega opnun svæðis G-2 fyrir togveiðum út af vestfjörðum sem lagt er til í 5.gr.í frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.í þingskjali 830.sem nú er í umræðu í sjávarútvegsnefnd.

Við teljum að helstu rökin sem eru að finna í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins standist ekki.

Þar segir að svæðið sé lítið nýtt af öðrum fiskiskipum þennan tíma.Það svæði sem lagt er til að verði opnað tímabilið 1.nov.-31.jan.er aðal svæði línubáta á haustin og fyrripart vetrar.


Undanfarin ár hafa dragnótabátar stundað kolaveiðar á þessu svæði og hefur veiðin farið minnkandi ár frá ári og síðastliðið sumar var kolinn áberandi smár.

Að þessu framansögðu liggur ljóst fyrir að ekki er um vannýtingu þessa svæðis að ræða.

Ennfremur hefur þetta svæði verið aðal þorskveiðisvæði smábáta í gegnum tíðina og vart hefur verið við breitingar til batnaðar frá því að svæðiðnu var lokað fyrir togveiðum fyrir 4-5 árum.Það segir okkur að líklega verður þorskur uppistaðan í afla togveiðiskipa.

Eitthver ástæða hefur verið fyrir því að þessu svæði var lokað á sínum tíma og sjáum við ekki að þær ástæður hafi breist.

Fyrir hönd smábátafélagsins Hörpu Bolungarvík



Falur Þorkelsson. Formaður